

# HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þórshöfn.

## I. KAFLI

### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar í Þórshöfn eru að norðan bein lína úr Bakkahorni í Hafralónsárós, en að sunnan bein lína úr Borgartanga hjá Ytri-Brekkum í Laxártanga.

## II. KAFLI

**Stjórn hafnarinnar.**

### 2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með stjórn hafnarmála hverju sinni.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Boðar formaður til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnamála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð og skal hafnarvörður annast það. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

### 3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjórn við daglegan rekstur hafnarinnar skal hafnarstjórn ráða hafnarstjóra og svo marga starfsmenn aðra, sem þurfa þykir, og setur þeim erindiðbréf. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarstjóri í samráði við hafnarstjórn.

Allar ráðningar hafnarstarfsmanna eru háðar samþykki sveitarstjórnar, en hafnarstjórn getur sagt upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki sveitarstjóra.

## III. KAFLI

**Um almenna reglu.**

### 4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

### 5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð í höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

### 6. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

## 8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum í höfninni. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu gæti verið að ræða (sjá 25. gr.).

## 9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, á bryggjur eða hafnarbakka kjölfestu, ösku, fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður visar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

## 10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð innan takmarka hafnarinnar. Þá er bannað að blása í skipsflautur eða lúðra innan hafnarinnar frá kl. 24.00 að kveldi til kl. 07.00 að morgni, nema nauðsyn krefji.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

## 11. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er visar honum á legustað fyrir skipið.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjórn eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum eða bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

## 12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sóthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

## 13. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

## 14. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem eru fermd eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skips-

höfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

## 15. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

## 16. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhring eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr jární, skulu þær klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

## 17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

## 18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur eða strandar, þar sem það að álití hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarvæðið, veldur óæskilegum áhrifum á innsiglingu til hafnarinnar eða óþrýði, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúknings kostnaðinum.

## 19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skips og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

## 20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notaðir hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá eiganda farms eða skips.

## 21. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

## V. KAFLI

## Um skip, sem lagt er í lægi.

## 22. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfnina með sérstöku leyfi hafnarstjóra, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

## 23. gr.

Meðan skip liggur í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á viku fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það í sundur svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórinn látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

## 24. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þótt það sé mannaust, sé það svo þétt að álitni hafnarvarðar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hættu.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi, og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarstjóri sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

## VI. KAFLI

## Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

## 25. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, gasolíu, bensín, acetón, terpenínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomet eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

## 26. gr.

Skip sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa í framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“ að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi, sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu í þess stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

## VII. KAFLI

## Um gjöld til hafnarinnar.

## 27. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn setur í samræmi við 26. gr. hafnalaga og samgönguráðuneytið staðfestir.

## VIII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 28. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimil tað krefjast yfirmast, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 29. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu sem hafnarstjórn tekur gilda.

## 30. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 31. gr.

Allir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

## 32. gr.

Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

## 33. gr.

Innan hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

## 34. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggja umsögn hafnarstjórnar þar að lútandi.

## 35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 130 12. júlí 1939 með síðari breytingum, nr. 138 og 143/1946, 22/1949, 157/1957 og 12/1962.

*Samgönguráðuneytið, 21. október 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Þórshafnar.

### I. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

#### 1. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipsins eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vítaskip og varðskip.

#### Lestagjöld.

##### 2. gr.

- Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
- Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 400.00 af hverri brúttórúmllest.

Lágmarksgjald skal vera kr. 2 000.00. Gjaldalagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

Hafi skip legið á höfninni 30 daga samfleytt, skal greiða lestagjald að nýju fyrir næsta 30 daga tímabil. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem skipið stóð uppi.

#### Bryggjugjöld.

##### 3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.